

Fundargerð

4. fundur stjórnar Bergrisans bs. – þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður : Ráðhús Árborgar

Fundartími : 16. nóvember 2018 kl. 12:00

Mættir : Stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson mættir, Sandra Brá Jóhannsdóttir á skype. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir.

Ritari fundarins : Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Málefni til umfjöllunar :

1. Sólheimar – auglýsing um þjónustusamning

Fyrir fundinum liggur tillaga um forútböð þjónustusamnings vegna reksturs Sólheima. Stjórn felur formanni umboð til að ljúka við gerð auglýsingarinnar í t-póst samráði við stjórnarmenn.

2. Skaftholt – samningur

Skaftholt óskar eftir hækkun á samningi vegna kröfu um næturvaktir. Stjórn leggur til að skoðað verði gerð samnings sem byggir á SIS mati og þeim samningi sem ráðuneytið hefur lagt til vegna Sólheima. Starfsmönnum falið að reikna út.

3. Kerlingardalur

Farið yfir stöðu vegna lokunar Kerlingardals. Lagt fram til kynningar.

4. Breiðabólstaður – nýr samningur

Stjórn leggur til að skoðað verði gerð samnings sem byggir á SIS mati og þeim samningi sem ráðuneytið hefur lagt til vegna Sólheima. Starfsmönnum falið að reikna út.

5. Sólheimar – beiðni um nýja þjónustuþega

Stjórn hafnar því að tekið verði við þjónustuþegum utan starfsvæðis Bergrisans og þeim sem ekki hafa fullnægjandi SIS mat á meðan unnið er að þjónustusamningi fyrir Sólheima.

6. Fjárhagsáætlun 2019

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar og umræðu.

7. Ársfundur – tímasetning

Árskýrslan var kynnt á aukaársfundi Bergrisans síðastliðið sumar. Stefnt er að ársfundi þann 17. desember.

8. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Stjórnarmenn í stjórn Bergrisans verða fulltrúar sveitarfélaga í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, ásamt yfirmönnum þjónustusvæðanna þriggja. Starfsmönnum falið að kalla eftir þremur fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðs fólks.

9. Fundi slitið kl. 13.30

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)
Gísli Halldór Halldórsson (sign)
Sandra Brá Jóhannsdóttir (sign)